

FUNDARGERÐ FRÆÐSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

170. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra miðvikudaginn 6. apríl kl. 15:00 í fundarsal ráðhússins.

Fundinn sátu:

Mætt á fundinn Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Sigrún Waage aðalmaður, Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður og Ingibjörg Auðunsdóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Dagskrá:

1. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri grunnskólans mætir á fundinn.
2. Bréf frá deildarstjóra Glerárskóla v/Skólalabúðanna á Reykjum sem byggðaráð vísaði til fræðsluráðs.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Formaður býður Sigurð velkominn á fundinn.
Sigurður kynnir niðurstöðu eineltiskönnunar sem framkvæmd var skv. Olweusar-áætluninni á haustönn 2015. Þorlákur Helgi Helgason framkvæmdastjóri Olweusar-verkefnisins var fenginn til að greina könnunina og athuga stöðu mála í grunnskólanum. Niðurstaða Þorláks er sú að þegar á heildina er litið vitni niðurstöður um góða stöðu í skólanum. Langflestum líður vel og telja hina fullorðnu vinna vel. Jafnframt bendir Þorlákur á mikilvægi þess að eineltisáætlun sé áfram fylgt vel eftir. Sigurður segir frá því að verklagi hafi verið breytt í framhaldi af aðkomu Þorláks sem sé til mikilla bóta. Nú sé m.a. lögð meiri áhersla á forvarnavinnu. Þá kynnir Sigurður foreldra- og nemendakönnun Skólalabúðanna 2015-2016. Foreldrakönnunin kemur ágætlega út, sértaklega hvað varðar velferð nemenda. Foreldrar eru sérstaklega ánægðir með hversu vel skólinn mætir þörfum nemenda, með eineltisáætlun skólans og með hraða á úrvinnslu skólans í eineltismálum. Nemendakönnuninni sýnir lítil frávik miðað við sambærilega skóla. Fræðsluráð gleðst yfir góðri niðurstöðu kannananna. Næst fer Sigurður yfir skólareglurnar-viðmið og viðbrögð við fjarvistum. Reglunum var breytt sl. haust þar sem meðal annars var viðbót við 3. grein reglnanna þar sem tekið var á fjarvistum barns úr skóla. Þessar nýju reglur hafa fengið misjafnar undirtektir og verið töluvert gagnrýndar. Sigurður segir gagnrýnina oft á tíðum eiga rétt á sér og munu reglurnar vera endurskoðaðar með tilliti til þess. Nú þegar er hafin vinna með skólum á svæðinu um að samræma reglur sem varða fjarvistir nemenda, á milli skóla. Að lokum segir Sigurður frá bréf sem hefur borist frá Menntamálastofnun þar sem kynnt eru markmið um lestrarfærni. Formaður þakkar Sigurði fyrir góða yfirferð og komuna á fundinn.
2. 1603011 Bréf frá deildarstjóra Glerárskóla fyrir hönd skólastjórnenda í grunnskólum á Akureyri v/Skólalabúðanna á Reykjum sem byggðaráð vísaði til fræðsluráðs. Formaður segir frá að hann hafi kallað eftir fundi með rekstraraðila skólalabúðanna og verður honum komið á hið fyrsta.
3. Önnur mál.
Engin önnur mál.

Ekki fleira tekið fyrri fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 17:23

Magnús Magnússon

Valdimar Gunnlaugsson

Sigrún Waage

G. Kristín Ólafsdóttir

Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir

Guðný Hrund Karlsdóttir